

Alþingi
Erindi nr. P 128/715
komudagur 9.1.2003



**ÁFENGIS- OG
VÍMUVERNARÁÐ**

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögun nr. 96/1995, um gjald á áfengi og tóbaki. Þskj. 41 - 41. mál, 128. löggjafarþing 2002 - 2003.

Áfengis- og vímuvarnaráð styður frumvarpið sem fjallar um það að hækka hlutfall af innheimtu áfengisgjaldi sem rennur í Forvarnasjóð. Um nánari rökstuðning vísast til umsagnar um þingsályktunartillögu um eflingu félagslegs forvarnastarfs, þskj. 40 - 40. mál 128. löggjafarþing 2002 - 2003.

Ráðið varar þó við að litið sé á þessa hækkun sem leið til að standa straum af „sérstöku átaki“ til að efla félagslegt forvarnastarf. Reynslan sýnir að skammvinn átök hafa í besta falli takmörkuð skammtímaáhrif. Árangursríkt forvarnastarf þarf að áætla varanlega og markvisst til lengri tíma.

Virðingarfyllt,

Þorgerður Ragnarsdóttir
Áfengis- og vímuvarnaráð,

Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri